

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 25. febrúar 2021
UST202102-101/Í.M.J.
08.06.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matskyldufyrirspurn – móttaka og hreinsun á úrgangsolú í olúbirgðastöð Olúdreifingar ehf. að Hólmaslóð í Örfirisey

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 4. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Olúdreifing ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur sótt um breytingu á skilyrðum starfsleyfis Olúbirgðastöðvar fyrirtækisins að Hólmaslóð í Örfirisey í Reykjavík svo heimilt verði að taka á móti og hreinsa úrgangsolú og framleiða úr henni verksmiðjuolú og hefur stofnunin fallist á að breyta megi starfsleyfinu en þó aðeins ef niðurstaða um matskyldu og eftir atvikum mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Fram kemur í tilkynningu rekstraraðila að um sé að ræða meðhöndlun á úrgangsolú sem hafi farið fram í olúbirgðastöðinni í fjölda ára.

Umhverfisstofnun hefur gefið út ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs fyrir framleiðslu á verksmiðjuolú sem unnin er úr úrgangsolú sem rekstraraðili tekur á móti. Niðurstaða þess er að framleiðsla verksmiðjuolú eins og henni var lýst í umsókninni hafi náð lokum úrgangsfasa ef hún uppfyllir staðla fyrir samanburðarvöru og að auki þau viðmið sem fram koma í viðauka álitsins.

Að mati Umhverfisstofnunar er nokkuð óskýrt í tilkynningu og meðfylgjandi gögnum hvert sé magn og eðli þess úrgangs sem myndast við framleiðsluna, hvaða úrgangsflokka hann fellur undir og hvert sé þar af magn spilliefna. Myndun úrgangsins er að mati stofnunarinnar helstu neikvæðu umhverfisáhrifin. Við vinnslu starfsleyfisbreytingar mun Umhverfisstofnun óska eftir upplýsingum frá rekstraraðila um úrgangsmýndun í framleiðslunni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Sigurður Ingason
sérfræðingur